24.06.2026

Í ljósi þess að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur hafnað kröfu íbúa í Þorrasölum að ógilda ákvörðun bæjarstjórnar Garðabæjar frá 2. október 2025 um samþykkt deiliskipulags Vetrarmýrar og Smalaholts, þar sem á að tengja veg úr Garðabænum við íbúagötu í Kópavogi, **óska ég eftir því að fá þetta til umræðu á næsta fundi bæjarráðs, 2. júlí**, og vita hvort bærinn muni aðhafast frekar í málinu.

Geri ráð fyrir að það gæti verið sniðugt að heyra frá einhverjum á umhverfissviði sem hefur verið inni í málinu? Tel a.m.k. mikilvægt að bæjarráð taki umræðuna um stöðuna og ákveði hvort það muni aðhafast eitthvað í málinu.

Þetta er brýnt hagsmunamál íbúa á svæðinu og skapaðist hávaði í kringum þetta í kosningunum en íbúar voru fullvissaðir að bærinn myndi áfram berjast fyrir þeim.

Bestu kveðjur,

**Einar Jóhannes Guðnason**

Bæjarfulltrúi

einar.johannes.gudnason@kopavogur.is

Kópavogsbær

kopavogur.is

Digranesvegur 1 | 200 Kópavogur | Sími 4410000

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.08 2026